

09. maí 2018

Fréttatilkynning

Alþjóðlegi farfugladagurinn laugardaginn 12. maí 2018

Laugardaginn 12. maí 2018 er alþjóðlegur dagur farfugla sjá:

<http://www.worldmigratorybirdday.org/>

Í tilefni dagsins munu [Fuglavernd](#), [Náttúrufræðistofnun Íslands](#), [Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi](#) og [Katla jarðvangur](#) í samvinnu efna til vettvangsferðar og fræðslu.

Árið 2018 verður alþjóðlegi farfugladagurinn tileinkaður spóanum á Íslandi. Spóinn er ein af ábyrgðartegundum okkar Íslendinga en hér verpir megnið af Evrópustofninum og líklega fyrirfinnst hvergi þéttara spóavarp. Spóinn hefur vetursetu í Vestur-Afríku en þangað flýgur hann alla jafna beint yfir opið haf án hvíldar.

Dagskrá

kl. 10:00 Fuglaskoðun á varpstöðvum spóans. Tómas Grétar Gunnarsson leiðir. Bílastæði, upphaf og endir eru við veiðihús við Eystri Rangá. (sjá staðsetningu á korti)

kl. 12:00-13:00 Fjölskyldugrill við Hvol á Hvolsvelli í boði SS. (sjá staðsetningu á korti)

kl. 13:00 Fræðsluerindi í Hvoli um spóann. Flutt verða fjögur stutt erindi af okkar helstu vísindamönnum um spóann.

- varp – Borgný Katrínardóttir líffræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands
- vetrarstöðvar – Camilo Carneiro doktorsnemi við Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Suðurlandi
- farflug – José Augusto Alves nýdoktor við Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Suðurlandi
- vernd – Tómas Grétar Gunnarsson forstöðumaður Rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir

Veiðihús við Eystri Rangá - bílastæði, upphaf og endir fuglaskoðunargöngu

<https://www.google.com/maps/place/Aurora+Lodge+Hotel/@63.7731383,-20.2633515,15z/data=!4m10!1m2!2m1!1seast+rang%C3%A1+lodge!3m6!1s0x0:0xa62c11918ac93c2e!5m1!1s2018-05-13!8m2!3d63.7747781!4d-20.2508926>

Félagsheimilið Hvoll á Hvolsvelli

<https://www.google.com/maps/place/Hvoll/@63.7513492,-20.2363163,17z/data=!3m1!4b1!4m5!3m4!1s0x48d6e39e27ce242f:0x790a62ecb48f8030!8m2!3d63.7513492!4d-20.2341276>

Um spóann

Spóinn (*Numenius phaeopus*) er ein þeirra fuglategunda sem flestir landsmenn þekkja og er söngur hans er órjúfanlegur hluti íslensks sumars. Hann er enda algengur varpfugl á láglendi um land allt. Spóinn er ein af ábyrgðartegundum okkar Íslendinga, Evrópustofn 310.000-360.000 pör (stofnþróun óþekkt, 50-74% heimsstofns). Varpstofn á Íslandi talinn 250.000 pör (mjög gróft mat; Thorup 2006), eða 69-81% Evrópustofns.

Spóinn verpur í margskonar búsvæðum, svo sem í mýrlendi, móum og graslendi. Búsvæðin þurfa þó að vera tiltölulega opin og spóar forðast skóglendi. Hér á landi er hæstur þéttleiki (pör á ferkílómetra) á hálfgrónum svæðum sem eru undir ágangi stórra áa. Gróður er fremur lágvaxinn á þessum áreyrasvæðum og oft eru sendnar eyður í gróðurhulunni. Einkennandi fyrir svæðin eru mosar, krækilyng, gul- og loðvíðir og hrossanál. Nokkur svæði af þessari gerð hafa verið rannsökuð á Suðurlandi og þar er algengt að varpþéttleikinn sé á bilinu 30-40 pör á ferkílómetra og er það líklega langhæsti þéttleiki sem þekkist fyrir tegundina á heimsvísu.

Fyrstu spóarnir koma til landsins í lok apríl, karlfuglarnir yfirleitt á undan kvenfuglunum. Pör frá fyrri árum endurnýja gjarnan kynnin og varp hefst síðari hluta maí. Hreiðrið er lítil laut í jörðinni, stundum fódruð með stráum. Eggjin eru yfirleitt fjögur og tekur álegan u.þ.b. 26 daga. Ungarnir verða fleygir rúmlega mánaðar gamlir. Þarið annast ungana saman, verja þá fyrir veðri og afþræningjum og vísa á fæðuríka staði.

Á veturna dvelja íslenskir spóar í Vestur-Afríku en nýlegar rannsóknir hafa staðfest að þangað fljúga þeir beint yfir opið haf án hvíldar. Flugíð tekur um fjóra sólarhringa og ná fuglarnir á köflum afar miklum flughraða. Fullorðnir spóar yfirgefa Ísland flestir í kringum mánaðarmótin júlí/ágúst. Ungarnir fara svo af landi brott nokkrum vikum síðar og þurfa þá að reiða sig á eðlisávisunina við að rata á vetrarstöðvarnar. Þeir snúa svo ekki aftur sem varpfuglar fyrr en á öðru eða þriðja ári.

Suðurland er afar ríkt af spóum en forðast ber að taka því sem sjálfsgöðum hlut. Víða er gróðurfar á kjörsvæðum tegundarinnar að breytast, m.a. vegna minnkandi sauðfjárbeitar, dreifingar lúpínu og skógræktar og við það fækkar spóum og flestum vaðfuglum. Þá hefur orlofshúsum fjölgað mjög mikið á síðustu áratugum og þrátt fyrir að ákefð í landbúnaði sé enn frekar lítil hérlandis, þá fer hún vaxandi og erlendis tengist hrun vaðfuglastofna auknum umsvifum landbúnaðar. Til að spóar og aðrir vaðfuglastofnar fái hér dafnað áfram þarf því að taka tillit til þeirra þegar kemur að skipulagi lands og landnotkun.

Um Fuglavernd

Fuglavernd eru frjáls félagasamtök um verndun fugla og búsvæði þeirra. Fuglavernd telur um 1300 félagsmenn. Fuglavernd er aðili að samtökunum BirdLife International sem vinna að verndun fugla og náttúrusvæða í 120 löndum.

Meðfylgjandi er mynd: spoi.jpg

Ljósmyndari: Tómas Grétar Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi

Nánari upplýsingar veitir:

Dögg Matthíasdóttir | markaðs- og samskiptafulltrúi Fuglaverndar | dew@fuglavernd.is | 552 0477 | 690 1205